FRÉTTAEFNI · FRUMVARP

Fjárhagsáætlun 2027 og fimm ára áætlun 2027–2031

Viðsnúningur í rekstri og traustur grunnur til framtíðar

3. nóvember 2026
Framlagning borgarstjóra í borgarstjórn

Fyrsta fjárhagsáætlun nýs meirihluta snýr hallarekstri í afgang strax á næsta ári. Hagræðing í miðlægri stjórnsýslu, ný og strangari fjármálastefna og varfærnar tekjuforsendur leggja grunn að niðurgreiðslu skulda frá 2028 og aukinni getu til að fjárfesta í þágu barna, fjölskyldna og innviða.

+9,4 ma.kr.
viðsnúningur í rekstri A-hluta milli 2026 og 2027
Úr 6,6 ma.kr. halla í 2,8 ma.kr. afgang

2,3 ma.kr.
lægri launakostnaður á ári
130 færri stöðugildi í A-hluta

2028
skipuleg niðurgreiðsla skulda hefst
Afborganir umfram nýjar lántökur

23,6 ma.kr.
í fjárfestingar árið 2027
Viðhald og uppbygging innviða

01 Viðsnúningur í rekstri

- Núverandi meirihluti tekur við erfiðu búi og gera áætlanir ráð fyrir **6,6 milljarða halla** á árinu 2026.
- Rekstrarafgangur A-hluta áætlaður **2,8 ma.kr. árið 2027** sem vaxi í **16,8 ma.kr. árið 2031**.
- Stefnt að því að **öll fjárhagsleg markmið** nýrrar fjármálastefnu 2027–2031 verði uppfyllt allt tímabilið.
- Stefnt að því að launahlutfall fari úr 77% í **74%** og verði undir 76% markmiði. Veltufé frá rekstri áætlað nær **8%** af tekjum.
- Varfærnar forsendur um sölu byggingarréttar, áætlaðir **3 ma.kr. á ári** frá 2028.

02 Hagræðing í miðlægri stjórnsýslu

- Hagrætt í þremur áföngum: skrifstofur borgarstjóra og borgarritara (júní), skóla- og frístundasvið og velferðarsvið (ágúst) og miðlæg stöðugildi á öðrum sviðum (október).
- Launakostnaður lækkar um **2,3 ma.kr. á ársgrundvelli** vegna hagræðinga**.**
- Miðlæg stöðugildi verða að hámarki **7,5%** af heildar stöðugildum, voru áður 8,4%.
- Framlínustörf og grunnþjónusta varin. Næst verða eignasafn, veikindahlutföll og innkaup rýnd.

03 Lægri skuldir og varnir gegn áföllum

- Áætlað að afborganir verði hærri en ný lántaka öll árin frá 2028, samtals **16,4 ma.kr.** umfram lántökur 2027–2031.
- Skuldaviðmið A-hluta áætlað að lækki úr **86% í 73%** (markmið undir 100%) fram til ársins 2031.
- Nýr **varúðarsjóður** byggður upp á næstu árum úr hluta arðs og óreglulegra tekna til að mæta verulegum áföllum.
- Handbært fé **yfir 10 ma.kr.** öll árin 2027–2031.

04 Fjárfest í þágu barna og grunninnviða

- Forgangsraða viðhaldi leik- og grunnskóla um alla borg.
- Nýir leikskólar byggðir upp **í samstarfi við einkaaðila**.
- Fjölnotahús KR og knatthús Fram, vetrargarður í Breiðholti og endurnýjun leikvalla og gervigrasvalla.
- Viðhaldsátak á gangstéttum, hraða innleiðingu á snjallljósastýringu og hjólreiða áætlun.
- Viðhald menningarhúsa og endurbætur á sundlaugum og skógræktarátak.

„Það hefur gefið á bátinn í fjármálum borgarinnar en nú hefur verið tekið í taumana. Við snúum hallarekstri í afgang, hefjum niðurgreiðslu skulda og stöndum vörð um grunnþjónustuna. Reykjavík á að hafa borð fyrir báru og getu til að fjárfesta í framtíðinni.“

Hildur Björnsdóttir - borgarstjóri

Tölur eiga við A-hluta nema annað sé tekið fram. Tölur fyrir 2026 eru útkomuspá. Fjárhæðir í milljörðum króna (ma.kr.).

Nánari upplýsingar: Helga Lára Haarde, aðstoðarmaður borgarstjóra
helga.lara.haarde@reykjavik.is · 695-1631